

Skýrsla stjórnar Foreldrafélags Engidalsskóla 2022-2023

Stjórn forldrafélagsins á líðandi skólaári var skipuð eftirfarandi; Eiríkur Ástvald Magnússon, Íris Huld Chrisersdóttir, Erla Guðrún Sigurðardóttir, Ragnar Þór Harðarson, Soffía Thorberg Bergsdóttir, Símon Birgisson og Unnur María Jónsdóttir. Foreldrafélagið fundaði að meðaltali einu sinni á mánuði þá mánuði sem skólasterfið var. Markmið starfsins var að auka og efla samstarf og samvinnu á milli heimila og skólans með því að halda skemmtilega viðburði. Alls voru haldnir þrjú viðburðir á síðasta skólaári, jólaföndur, páskabingó og vorhátíð.

Jólaföndrið var haldið í sal skólans í desember þar sem foreldrar og nemendur föndruðu saman, jólasveinn kom í heimsókn, boðið var upp á heita drykki og piparkökur. Páskabingóið heppnaðist vel þrátt fyrir forföll bingóstjórans en Erla og Ragnar dembdur sér í hlutverk bingóstjóra og stóðu sig frábærlega. Þrátt fyrir að ekki öll hafi fengið Bingó vinning fengu öll börn lítil páskaegg í lokin. Vorhátíðin var einnig vel sótt af foreldrum og börnum þar sem boðið var upp á poppkorn, pylsur og skemmtilega tónlist. Í lokin komu BMX bros og trylltu lýðinn með frábærri sýningu.

Foreldrafélagið nýtti hagnað úr páskabingói sem gjöf fyrir frístundastarf Engidalsskóla til að gleðja börnin og auka við afþreyingu fyrir börnin sem nota frístundarheimilið og félagsmiðstöðina.

Foreldrafélagið leggur til að páskabingó 2024 og framvegis verði hluti af fjáröflun 6. bekkjar vegna skólaferðar t.d. ef farið verði í skólabúðir á Reyki. Foreldrafélagið yrði þá til stuðnings, t.d. með auglýsingum fyrir viðburðinn.